



Holtahverfi við Miðholt – breyting á aðalskipulagi

Skipulagsráð tók fyrir á fundi 12. júní sl. breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem tekur til Holtahverfis Norður og bókaði eftirfarandi:

Skipulagsráð gerir ekki athugasemd við lýsinguna með fyrirvara um lagfæringar í samræmi við umræður á fundinum. Skipulagsráð samþykkir jafnframt að eftirfarandi verði bætt við:

- *Ákvæði sem varðar verslunar- og þjónustusvæði við Hlíðarbraut, merkt VP17, sem felur í sér að á þeim reit verði heimilt að vera með íbúðir á efri hæðum bygginga.*

Ráðið leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki lýsinguna og að hún verði kynnt skv. 1. Mgr. 30. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Nánar um lagfæringar sem lagðar eru til af skipulagsráði:

Í framlagðri lýsingu kemur fram að fjölbýlishús við Miðholt megi vera allt að 4 hæðir + kjallari en skipulagsráð telur engin rök fyrir þeirri breytingu sem auk þess vísar frá samþykki skipulagsráðs þann 27. mars síðastliðinn. **Skipulagsráð samþykkir því lýsinguna með þeim fyrirvara að texta hennar verði breytt á þann veg að heimilað verði að byggja allt að 3 hæðir + kjallara á lóðunum við Miðholt.**

-ES og JPK 18.6.2024